

## Lög Freyjusjóðs, Styrktarsjóðs Kvenfélags Hrunamannahrepps.

1. Sjóðurinn heitir Freyjusjóður og er í eigu Kvenfélags Hrunamannahrepps.
2. Höfuðstóll sjóðsins, sem er gjöf frá Samkaupum er kr. 250.000.-, en vextir, er nema verðlagsvísitölu, leggjast við hann árlega.
3. Tekjur sjóðsins koma frá fjáröflunarnefnd Kvenfélagsins, eigi minni en kr. 60.000.- á ári, miðað við verðlagsvísitölu ársins 2006. Einnig koma tekjur vegna frjálsra framlaga.
4. Úthlutunarreglur Freyjusjóðs eru:
  - a. Styrkþegi er stúlka á aldrinum 16 – 25 ára og skal hún hafa eða hafa átt, lögheimili í Hrunamannahreppi.
  - b. Auglýst er eftir umsóknum í sjóðinn fyrir 15. nóvember ár hvert.
  - c. Umsóknum um styrk úr sjóðnum skal skilað til sjóðsstjórnar á þar til gerðum eyðublöðum fyrir 15. desember ár hvert og veitt verður úr honum fyrir janúarlök.
  - d. Í umsókn þarf umsækjandi að rökstyðja umsókn sína.
  - e. Styrkupp hæð skal eigi vera lægri en kr. 60.000.-
  - f. Sjóðsstjórn velur úr umsóknum en áskilur sér rétt til að hafna öllum ef engin þeirra uppfyllir sett skilyrði.
  - g. Forsendur styrkveitingar eru að umækjandi hafi sýnt:
    - g1 framfarir
    - g2 hjálpssemi
    - g3 fórnfýsi
    - g4 uppbyggjandi starf fyrir samfélagið
    - g5 ágætan árangur
5. Stjórn Freyjusjóðs er skipuð formanni Kvenfélagsins og tveim fulltrúum sem kosnir eru til þriggja ára á aðalfundi félagsins.
6. Lögum sjóðsins má breyta á aðalfundi Kvenfélags Hrunamannahrepps.

Fyrsta mögulega veiting úr sjóðnum getur farið fram í janúar 2008.